

Hver er ávinningur fyrirtækja?

IPS atvinnuráðgjafi býður fyrirtækjum að:

- Útvega starfsmann sem hentar fyrirtækinu
- Veita starfsmanni stuðning í starfi í samráði við stjórnanda
- Aðstoða við úrlausn mála sem upp geta komið
- Veita fræðslu og ráðgjöf eftir samkomulagi
- Leita annarra lausna ef starf gengur ekki



Hvernig störf?

Dæmi um störf sem þátttakendur í verkefninu hafa fengið:

- Starfsmaður við gagnavinnslu
- Afgreiðslumaður á lager
- Áætlunarbílstjóri
- Starfsmaður í mötuneyti
- Skrifstofustarf á ferðaskrifstofu
- Starfsmaður við bílaviðgerðir
- Verkamaður á hafnarsvæði

Hvaða fyrirtæki?

Dæmi um fyrirtæki sem hafa ráðið starfsfólk til sín:



STÁSS
arkitektar




Borgarleikhúsið

VIRK
Starfsendurhæfingarsjóður
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
Sími: 535 5700
Netfang: virk@virk.is

Landspítali
Laugarásinn –
Meðferðargeðdeild
Laugarásvegi 71
104 Reykjavík
Sími: 543 4650



IPS RÁÐGJÖF ATVINNA STUÐNINGUR




Markmið IPS*

IPS hjálpar einstaklingum með geðrænan vanda að finna áhugaverð störf á almennum vinnumarkaði.

Markmiðið er að bæta lífsgæði einstaklinganna sem jafnframt mun skila samfélagslegum ávinningi af atvinnuþátttöku þeirra.

IPS byggir á ákveðinni aðferðafræði sem hefur skilað mjög góðum árangri bæði hérlendis og erlendis.

*Individual Placement and Support



Hvernig virkar IPS?

- **Störf á almennum vinnumarkaði** Atvinnuráðgjafi aðstoðar einstaklinga við að finna störf á almennum vinnumarkaði.
- **Í forgrunni eru óskir einstaklings** Lögð er áhersla á að finna störf sem uppfylla óskir einstaklinganna.
- **Skjót atvinnuleit** Atvinnuráðgjafi aðstoðar einstaklinga við atvinnuleit um leið og þeir sýna áhuga á og eru tilbúnir að fara að vinna.
- **Sjálfstætt val** Einstaklingar með geðræn vandamál sem vilja vinna geta tekið þátt.
- **Samhæfð þjónusta** Atvinnuráðgjafar vinna náið með bæði sérfræðingum innan starfsendurhæfingar og heilbrigðisgeirans.
- **Ráðgjöf um bætur** Upplýsingar um áhrif atvinnutekna á bætur eru veittar áður en starf hefst.
- **Stuðningur í starfi** Einstaklingum er veittur ótímabundinn stuðningur þegar í starf er komið.
- **Markviss leit að störfum** Atvinnuráðgjafar IPS leita markvissst að störfum með því að heimsækja fyrirtæki og atvinnurekendur.

Úrræði sem virkar

Hvað segja þátttakendur?

Ummæli þátttakenda

„Sjálfstraustið mitt hefur aukist og ég náði að fóta mig aftur“.

„Mér finnst gaman að fara í vinnuna. Ég er hættur að snúa sólarhringnum við og hef minnkað að spila tölvuleiki. Mér finnst gott að vera í vinnunni með góðum vinnufélögum“.

Ummæli atvinnurekanda

„Starfsmanninum hefur farið mikið fram á síðustu mánuðum frá því að vera ungur og feiminn í að vera áhugasamur starfsmaður í tækniteymi. Hann á auðvelt með að vinna sjálfstætt, er vel liðinn af samstarfsfólki og passar vel í hópinn. Ég sé hann sem framtíðarstarfsmann hjá okkur“.

Ummæli foreldris

„Hann er farinn að vakna af sjálfsdáðum og mætir í vinnuna fullur af tilhlökkun“.

